

Fimmtudaginn 23. nóvember 1995.

Nr. 383/1995.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 17. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. nóvember. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1995 um gæsluvarðhald varnaraðila. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Fyrir Hæstarétti liggur bréf, sem varnaraðili ritar eigin hendi í fangelsi í Síðumúla 28 og er dagsett 17. þ. m. Í bréfi 22. þ. m. frá Guðrúnu Óskarsdóttur, varðstjóra í fangelsinu, kemur fram, að varnaraðili afhenti henni „kærubréf sitt“ rétt fyrir klukkan sjö síðdegis 20. þ. m. Kærufrestur eftir 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 var þá útrunninn. Samkvæmt þingbók Héraðsdóms Reykjavíkur var úrskurðarorð hins kærða úrskurðar lesið í heyranda hljóði að viðstöddum kærða og verjanda hans. Einnig segir í þingbókinni, að kærða hafi verið leiðbeint um rétt hans til að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa.

Með vísun til þess, að kæru var ekki lýst fyrr en að kærufresti loknum, verður að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1995.**

Ár 1995, fimmtudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Sævari Arnfjörð Hreiðarssyni, kt. 230954-5939, með lögheimili að Auðbrekku 23, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 3. janúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglunnar um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur. Brot þessi varða við 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu varðað kærða fangelsi. Fyrir liggur, að 14. nóvember sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur kærða í 16 liðum, og er hann þar sakaður um skjalafals, þjófnað og fjársvik á tímabilinu frá 9. júní og fram í september á þessu ári. Þá liggur frammi í réttinum sakavottorð kærða, þar sem fram kemur, að kærði hefur árin 1974 til 1993 hlotið 24 refsíðoma fyrir hegningarlagabrot. Brot þau, sem þar um ræðir, eru skjalafals, fjársvik, þjófnaður, gripdeild, rán og líkamsárásir. Með vísan til framanritaðs þykir því rík ástæða til að ætla, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ólokið, fari hann frjáls ferða sinna. Kærði hefur lýst yfir, að hann sé alkóhólisti og á geðlyfjum og eigi af þeim sökum ekki að vistast í fangelsi, heldur á viðeigandi stofnun. Engin gögn liggja fyrir í réttinum um heilbrigðisástand kærða, og verður því 110. gr. laga nr. 19/1991 ekki talin eiga við, eins og mál þetta horfir við.

Með hliðsjón af framangreindu og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins því tekin til greina, eins og hún er fram sett, og kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1996 kl. 16.00.

**Ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kærði, Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, sæti gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudags 3. janúar 1996 kl. 16.00.